

Borgarbyggð
Ásgerður Hafdís Hafsteinsdóttir
Digranesgötu 2
310 Borgarnes

Reykjavík, 25. janúar 2024
UST202312-141/A.B.
10.04.03

Tillaga - Deiliskipulag - Jarðræktarmiðstöð á Hvanneyri - Borgarbyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 14. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi vegna jarðræktarmiðstöðvar Landbúnaðarháskóla Íslands (LBHÍ) á Hvanneyri.

Í greinargerð kemur fram að byggingin á að rísa suðaustan við núverandi bútæknihus á núverandi túnum en ekki er verið að skerða gott ræktanlegt land. Áætlað byggingarmagn jarðræktarmiðstöðvar er 1500 m² að hámarki. Einnig er áætlað að reisa tvö gróðurhús austan jarðræktarmiðstöðvar. Byggingarmagn hvers gróðurhúss verður um 1500 m².

Í greinargerð er vitnað í markmið friðlýsingar fyrir Andakíl.¹

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi lýsingu aðalskipulagsbreytingarinnar dags 9. desember 2021² og breytingartillögu fyrir verkefnið 5. maí 2022³

Skipulagsáætlanir og vernd Andakíls

Í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar sem stofnunin veitti umsögn um kemur fram að tillagan muni hafa áhrif á verndarsvæðið, en að áhrifin verði óveruleg. Stofnunin tekur undir að tillagan muni hafa áhrif á búsvæðið og verndargildi svæðisins og því nauðsynlegt að metin séu áhrif deiliskipulagsins á verndarsvæðið og fjallað nánar um tiltekið svæði og það fuglalíf sem þar er.

Umhverfisstofnun bendir á að Andakíll er Ramsar-svæði, sem þýðir að öll nýting á svæðinu skal vera með sjálfbærum hætti og vernda votlendi svæðisins sem er mikilvægt lífsvæði fyrir fugla á lands- og heimsvísu. Auk þess bendir stofnunin á að markmið friðlýsingarinnar er að varðveita og viðhalda náttúrulegu ástandi fjölbreytts votlendis og búsvæða blesgæsa og fjölda annarra fuglategunda og að vernda líffræðilega fjölbreytni svæðisins.⁴

¹ <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/vesturland/andakill/>

² <https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Ums%c3%b6gn%20Hvanneyri.pdf>

³ <https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Ums%c3%b6gn%20Hvanneyri%202.5.pdf>

⁴ <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/vesturland/andakill/>

Auk þess kemur fram í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar að afmörkun friðlýsts svæðis NF2 nær yfir Hvanneyri og er því engin möguleiki fyrir jarðræktarmiðstöðina að vera fyrir utan friðlýst svæði. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt sé að skoða svæði til uppbyggingar sem mun ekki raska verndargildi svæðisins, búsvæði fugla og svæðum sem fuglar nýta til fæðuöflunar.

Í umsögn stofnunarinnar um lýsingu og tillögu aðalskipulagsbreytingarinnar vísaði stofnunin í talningu Náttúrustofu Vesturlands⁵ og benti stofnunin á mikilvægi þess að litið sé til þeirra rannsókna. Í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir búsvæðið⁶ segir að ræktuðu svæðin, einkum þau tún sem slegin eru á Hvanneyri, Ausu og Árdal, eru mikilvæg beitarlönd fyrir grænlenku blesgæsina. Auk þess segir í áætluninni, þar sem talað er um landbúnað, að „benda má á að vist blesgæsanna er að hluta til háð því að hefðbundnar landbúnaðarnytjar haldist.“

Framtíðarsýn sveitarfélagsins

Í greinargerð kemur fram að tillagan hafi jákvæð hagræn og samfélagsleg áhrif þar sem hún stuðlar að uppbyggingu og eflir starfsemi.

Umhverfisstofnun tekur undir að uppbygging miðstöðvarinnar muni hafa jákvæð áhrif á starfsemi Landbúnaðarháskólans, en hafa þarf verndarsvæði Andakíls og sjálfbæra þróun að leiðarljósi og að skipulagsáætlanir séu í samræmi við friðlýsingu verndarsvæðisins og stjórnunar- og verndaráætlun.

Auk þess þarf að meta hvort að uppbyggingin og breytingin kalli á aðra uppbyggingu innviða á Hvanneyri, sem mun hafa áhrif á verndargildi friðlandsins, eins og frekari íbúðarbyggð, skóla, verslanir o.s.frv.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að sveitarfélagið líti á verkefnið heildstætt þar sem horft sé til uppbyggingar háskólans og samfélagsins á Hvanneyri í sátt við verndarsvæði friðlandsins við Andakíl um ókomna framtíð.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Steinar Rafn Beck Baldursson

sérfræðingur

⁵ <https://public.tableau.com/app/profile/rachel.stroud1254/viz/Hvanneyri%20goosefielduse2017/Dashboard1>

⁶ <https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Nattura/Fridlyst-Svaedi/Stj%20og%20verndar%20a1%20a6tlun%20fyrir%20verndarsv%20a6%20b0i%20c3%ad%20Andak%20adl%20m%20undirritun.pdf>